



Hvað á að gera í kvöld? spurðu símtól út um allan bæ.

Nokkrum strætisvögnum síðar sátu svörin á kaffihúsi niðri í miðbæ með nýpantað gos og fölsuð nafnskírteini. Á rúntinum dafnaði miðbæjarormurinn og um það bil sem

5 hann beit í rauðglóandi skottið á sér, tók gestgjafinn eftir að hækkaði í glösunum í stað þess að lækka og henti þeim út.

Klukkan 22.30 hafði myndast þrítugur barnakór fyrir utan Borgina. Öðru hverju þurfti að hleypa út fólk og um

10 leið byrjaði kórinn:

Gauji vinur Gauji þú ert svo sætur Guðjón ég á pantað borð!

Dyravörðurinn rykkти í hurðina en ekki viðlit að loka og hann tók að kýla og sparka út í kösina sem emjaði:

15 Gauji sadisti Gauji hommi ég á pantað borð Guðjón!

Við hringdýrnar var sama sagan að viðbættum útlendingi á hvítum smóking.

No smoking, sagði hringdyravörðurinn og bandaði með hendinni.

20 Þegar börnин voru komin með blöðrubólgu og krampa-mein, lukust dyrnar upp á gátt líkt og ætti að dæla inn súrefni og allir löbbuðu inn í halarófu, nema náttúrlega svert-inginn í smókingnum, hann kom ekki til greina.

Vellidantiglós voru opnuð og hellt úr vindlahylkjum uns

25 allir voru örugglega ekki með neitt vín utan á sér og opnaðist greið leið að barnum þar sem fólk ríghélt sér í glös-in og brosti áfengt.

Allt rann eftir einni slóð: þjónar þutu eins og skyttur í stól en staðnæmdust aldrei nægilega lengi til að hægt væri

30 að tafsa: tvöfaldan asna. Allar týpurnar voru mættar: Latínuséníð, Besti Smásagnahöfundurinn, Kvennamaðurinn, Pessi.

Saman við menntaskólarjómann hrærðist þjóðfélagsskal-

inn frá verkamanni upp í heildsala með viðkomu í presti.

35 Hann létt giftingarhringinn glamra við kókglassið og horfði særður yfir liðið: á sumum varla þornuð fermingin.

Úti á dansgólfí eru pörin í djæf: tvö og tvö tóku sig út úr og vinstri hönd mannsins laukst um hægri hönd stulkunnar en hægri hönd mannsins myndaði hjarir á

40 hurð sem vinstri hönd konunnar réði hvort var í hálfu gátt eða aftur. Parið ruggaði í gegnum nokkur bítlalög, en í lok syrpunnar var jafnan rólegt lag og samlokan fékk tækifæri til að gera upp dæmið: ýmist small hurðin í lás eða passaði ekki í falsið og syruskiptin stokkuðu upp.

45 HVAR HAFA DAGAR LÍFS ÞÍNS LIT SÍNUM GLATAÐ?

þrumuðu barskáldin, sum svo ung að markaði ennþá fyrir axlaböndunum. Lífið jarðarför þessara daga er mæður þeirra báru þá ókeypis á höndum sér.

SHE WAS JUST SEVENTEEN! öskraði dansgólfíð.

50 VEI VEI YFIR HINNI FÖLLNU BORG! gegndu skáldin og fúlsuðu við veruleik sem heimtaði verðskuldun og pen-ninga.

